



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík  
[nave@nave.is](mailto:nave@nave.is)

*Fornleifaskráning á  
deiliskipulagsreit á  
Hnappavöllum í  
Öræfum*

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

Atli Rúnarsson

Maí 2024

NV nr. 11-24

|                                                                                                                      |                                 |                                                                                                                                                     |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  <b>NÁTTÚRUSTOFA<br/>VESTFJARÐA</b> |                                 | <b>Dagsetning Mán/ár:</b><br><b>Maí 2024</b>                                                                                                        |
| <b>Skýrsla nr:</b><br><b>11-24</b>                                                                                   | <b>Verknúmer:</b><br><b>665</b> | <b>Dreifing:</b><br><input type="checkbox"/> Opin<br><input type="checkbox"/> Lokuð til:<br><input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa |
| <b>Upplag: 1</b>                                                                                                     | <b>Verkstig:</b>                |                                                                                                                                                     |
| <b>Heiti skýrslu:</b><br><b>Fornleifaskráning á Hnappavöllum í Öræfum</b>                                            |                                 | <b>Unnið fyrir:</b><br><b>Íslandshótel</b>                                                                                                          |
| <b>Höfundur:</b><br><b>Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir &amp; Atli Rúnarsson</b>                                         |                                 | <b>Verkefnastjóri:</b><br><b>Margrét Hrönn Hallmundsdóttir</b>                                                                                      |
| <b>ÚTDRÁTTUR</b><br><br><b>Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í landi Flatatúns, Hnappavöllum í Öræfum.</b>      |                                 |                                                                                                                                                     |
| <b>Undirskrift verkefnastjóra:</b><br><b>Margrét Hrönn Hallmundsdóttir</b>                                           |                                 | <b>Yfirfarið af:</b>                                                                                                                                |

## EFNISYFIRLIT

|     |                                         |    |
|-----|-----------------------------------------|----|
| 1.  | INNGANGUR.....                          | 3  |
| 2.  | AÐFERÐAFRÆÐI.....                       | 4  |
| 2.1 | Tilgangur fornleifaskráninga.....       | 4  |
| 2.2 | Skráning fornleifa.....                 | 5  |
| 2.3 | Stjórnssýsla.....                       | 6  |
| 3.  | FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ.....                  | 6  |
| 3.1 | Saga Hnappavalla .....                  | 6  |
| 3.2 | Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis..... | 9  |
| 4.  | NIÐURSTÖÐUR .....                       | 25 |
| 5.  | HEIMILDASKRÁ .....                      | 26 |
| 6.  | KORT .....                              | 27 |
| 7.  | PUNKTASKRÁ .....                        | 28 |

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Ingólfs Haraldssonar framkvæmdastjóra fasteigna hjá Íslandshótelum gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun á deiliskipulagsreit sem tekur til Hjáleigu (L233485), Flatatún (L233486) og Flatatún spilda (L236204) og eru staðsettar á Hnappavöllum í Öræfum. Skipulagssvæðið er alls 10570m<sup>2</sup> að stærð og liggur



Mynd 1. Staðsetning svæðis merkt inn á kort.

suðaustan við Hnappavelli 4, suðvestan við Hnappavelli 1 og norðvestan við Hnappavelli 1 Móa. Innan svæðisins stendur íbúðarhús reist árið 1961.

Skipulagssvæðið hefur breyst og stækkað frá upprunalegu formi og er nú fyrirhugað er að skipta upp landi Hjáleigu í 6 lóðir og landi Flatatúns upp í 7 lóðir, setja skilmála fyrir uppbyggingu á lóðunum, m.a. afmarka byggingarreit, skilgreina aðkomu og bílastæði. Innan hvers byggingarreits verður heimilt að byggja íbúðarhús. Lagður verður nýr vegur í gegnum mitt svæðið að íbúðarhúsunum.

Árið 2023 var Hjáleiga svæði norðvestan við Flatatún skráð af Fornleifastofnun Íslands ses. og birtist sú skráning í skýrslunni *Deiliskráning fornleifa á Hnappavöllum í Öræfum: Vegna fyrirhugaðrar starfsmannaaðstöðu í Vestur-hjáleigu*.<sup>1</sup> Alls voru 13 fornleifar skráðar innan skipulagssvæðisins og eru þessar fornleifar hafðar með í þessari skráningu þar sem skipulagssvæðið hefur stækkað.

Svæðið var gengið og skráðar minjar voru mældar upp. Vettvangsvinna fór fram þann 09.04.2024 og var unnin af Atla Rúnarssyni fornleifafræðingi. Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir fornleifafræðingur sá um skýrslu og kortagerð.

Samhliða fornleifaskráningunni voru teknir sex könnunarskurðir á framkvæmdar-svæðinu að kröfu Minjastofnunar Íslands.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Gylfi Helgason. 2023. skýrsla nr. FS952-23371

<sup>2</sup> Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Atli Rúnarsson. 2024

## 2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnakort, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hefur áður verið skráð og stuðst var að hluta við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

### 2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í

kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## 2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3249 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3249-001.

## 2.3 Stjórnssýsla

Í fyrri skipulagstillögu tók deiliskipulagið til Hjáleigu (landnr. 233485). Svæðið liggur norðvestan við Flatatún, suðvestan við Hnappavelli 1 og suðaustan við Hnappavelli 4. Þar var gert ráð fyrir 6 lóðum, aðkomu að húsum og bílastæðum. Skráning hefur farið fram á þessu svæði og var ljóst að gamli bæjarhóllinn á Vestur-Hjáleigu væri staðsettur á lóðum merktum 1, 2, 4 og 6.

Nú er í kynningu nýtt deiliskipulag fyrir Hjáleigu og Flatatún. Kröfur minjastofnunnar eru þær sömu og voru í fyrri skipulagstillögu, nema að númeri lóða hefur verið breytt til að þær samræmist nýrri skipulagstillögu.<sup>3</sup> Í nýrri skipulagstillögu eru afmarkaðar lóðir bæði fyrir ofan og neðan íbúðarhúsið Flatatún en nú hefur verið fallið frá framkvæmdum á merktum lóðum 1, 2, 4 og 6 á Hjáleigu. Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á nýja svæðinu neðan við íbúðarhúsið á Flatatúni.

Í bréfi minjastofnunnar frá 24. Febrúar 2023 segir um fornleifaskráningu á deiliskipulagsreitnum;

*Fornleifaskráningu svæðisins er ekki lokið þar sem skipulagssvæðið var stækkað. Fornleifaskráning alls skipulagssvæðisins hefur þar með ekki fengið staðfestingu Minjastofnunar Íslands sbr. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og þar með er ekki hægt að ganga frá deiliskipulaginu, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna. Ljúka þarf við fornleifaskráningu svæðisins innan Flatatúns og Flatatúns spildu. Lagt er til að gengið sé frá þeirri skráningu samhliða nauðsynlegum rannsóknum innan svæðisins.*

*Ein bygging stendur innan deiliskipulagssvæðisins en hún er frá 1961. Hún fellur því ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.*

## 3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

### 3.1 Saga Hnappavalla

Í Landnámabók segir: „Ásbjorn hét maðr, son Heyjangrs-Bjarnar hersis ór Sogni; [...] Ásbjorn fór til Íslands ok dó í hafi, en Þorgerðr kona hans, ok synir þeira kómu út ok námu allt Ingólfshöfðahverfi á milli Kvíar ok Jokulsár, ok bjó hon at sandfelli ok Gulaugr, son þeira Ásbjarnar, eptir hana; frá honum eru Sandfellingar komnir. Annarr son þeira var Þorgils, er Hnappfellingar eru frá komnir.“<sup>4</sup>

<sup>3</sup> Deiliskipulag Hjáleigu og Flatatúns. <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/7>

<sup>4</sup> Íslensk Fornrit I. Bls. 320.

Jörðin kemur fram í máldaga Maríukirkju frá árinu 1343 þar segir; „Máldagi Maríukirkju á Hnappavöllum í Öræfum [...] nappaveller [gamall madagi]. Mariukirkia a nappavelli a fiordung j heima lande med ollum gognvm oc giædvm.“<sup>5</sup>

Árið 1528 kemur jörðin fram í skrá um ítök klaustursins í Kirkjubæ á Síðu. Þar segir: „Jtem gaf Eirekur Þorsteinsson kirkiubæiar klaustri allan þann skog sem hann hafði fremst eigande að ordit j skaptafellz heide til æfinligrar eignar oc frials forrædis j suo mäta að þeir j svinafelli byggi oc a knappauollvm skyllde hafa þar elldivid epter því sem því þarfnazt.“<sup>6</sup>

Árið 1546 selur Þorleifur Pálsson Hnappavelli í Öræfum fyrir bæi í Barðastrandasýslu til Björns Þorleifssonar.<sup>7</sup>

Jörðin kemur fram í Gíslamáldaga frá 1570 þar segir; „Kirkjur í Minna Héraði og nærlendis. [...] Þessar kirkjur voru fordum i minna hieradi sem nu kallast Öræfe. [...] 2. Mariukirkia á Hnappavollum ä fiordung i heimalandi.“<sup>8</sup>

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjöllum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1709 segir; „Hnappavellir. Bóndaeign, Jarðardýrleiki xij. Skógarítak til eldingar er jörðunni eignað í Skaftafellsskógi. [...] Reka á jörðin fyrir sínu landi. Ábúandi betalar fjórða hvört ár hundraðs hest fyrir reka, utan hvali. [...] Hnappavallahjáleiga. Byggð úr heimalandi. Dýrleiki er óviss. Landsk. Lx ál. Kvaðir: hestlán í kaupstað annað hvert ár. Einnig á hún skóg í Skaftafellsskógi eftir tiltölu í Hnappavallaftaki.“<sup>9</sup>

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 er jörðin 12 hundruð og landskuld 1.10 og 4 kúgildi. Í neðanmálgrein segir; Sýslumaður, sem telur 5 eigiendur á öllum Hnappavöllum, nafnir eigi hjáleifuna, en þar á móti prestur; en hvorugur þeirra nefnir hnappavallahjáleigu, sem jarðarbækurnar líka minnst á.“<sup>10</sup>

Á túnakorti frá um 1920 er ábúandi á Vestur- hjáleigunni Guðrún Þorsteinsdóttir. Túnstærðin er 3,1 teigar (ha) og sáðreitir 883m<sup>2</sup> að stærð.<sup>11</sup>

<sup>5</sup> *Diplomatarium Islandicum* II. Bls. 773.

<sup>6</sup> *Diplomatarium Islandicum* IX. Bls. 470-471.

<sup>7</sup> *Diplomatarium Islandicum* XI. Bls. 481.

<sup>8</sup> *Diplomatarium Islandicum* XV. Bls. 713.

<sup>9</sup> Jarðabók Árna og Páls XIII, bls. 434-435.

<sup>10</sup> Johnsen, J. 1847. Bls. 5.

<sup>11</sup> Túnakort Hnappavellir II, Vestur-hjáleigan.

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: „Austast á undirlendi jarðarinnar er Kvíármýri, graslendi, sem hefur verið nokkurs konar afréttur, svo lengi sem menn vita, en er talin með eignum Rauðalækjarkirkju 1348 og mun lítið breytt síðan [...]. Austast á Kvíármýri var austasti áfangastaður í Öræfum. Vestan við Kvíármýri taka við Hnappavallaaurar, myndaðir af Hólá og Stigá, litlum jökulám, sem um þá renna. Eru þeir nokkuð grónir, einkum er nær dregur sjó. Vestan við Hnappavallaaura taka við mýrlendi, og eru þar allvíðlend starengi. Fjalllendi er nokkurt og víða bratt, en ber ekki margt fé. [...] Nefndarálit frá 11. maí 1849: „Hnappavellir með Hnappavallahjáleigu: Bændaeign. Túnið er gott, fóðrar 5 kýr, engjar víðlendar og vatnasamar, en heyfall að mestu leyti slæmt, hagar eru víðlendir eftir því sem hér er í sveit. Jörðin álízt að geta framfleytt 7 kúm og 169 fjár. Fjara fylgir jörðinni, heldur rekasæl, [...]. Hagar eru undirorpnir vatna- og sandágangi og jörðin örðug nema fjaran.“ Við þetta herði mátt bæta: Selveiði í Hnappavallaósi og lítils háttar silungsveiði á sama stað. Torfrista og hellutak hvort tveggja gott. Jörðin hefur litlum breytingum tekið, eftir að þessi lýsing var gefin, þar til nú á síðustu árum vegna ræktunar.“<sup>12</sup>

---

<sup>12</sup> Magnús Björnsson. 1976. Bls. 59-61.

### 3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis

Þar sem skipulagssvæðið hefur breyst eru áður skráðar fornleifar innan gamla skipulagssvæðisins hafðar hér með. Sú skráning fékk verknúmerið 3152 frá Minjastofnun Íslands en Fornleifastofnun Íslands ses. skráði þær eftir sínu eigin kerfi með númerunum SF-082:078. Halda þessar minjar þeim númerum í þessari skrá og eru bæði númerin höfð með til þess að fyrirbyggja misskilning. Fornleifar undir verknúmeri 3152 eru teknar beint úr skráningarskýrslu Fornleifastofnunar Íslands á deiliskipulagsreitnum innan Hjáleigu.

**Númer: 3249-001**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 618213.5 N: 380159.8

**Lengd:** 4.2m

**Breidd:** 3.8m

**Ástand:** Sést ekki

**Horfin:** Vegna niðurrifs

**Hættumat:** Engin hætt

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:** Útihúsið hefur staðið í túnjaðrinum, um 70m sunnan við uppistandandi tóftir Vestur-Hjáleigu (SF-082:078\_01) og renna lækir beggjavegna við það.

**Minjalýsing:** Á túnakorti frá 1920 var teiknað útihús á þessari staðsetningu. Búið er að rífa útihúsið og slétta svæðið þar sem það stóð, en þar er áberandi slétt 4x4m svæði. Útihúsið stóð á byggingarreit 6 í deiliskipulaginu og fyrirhugað var að taka prufuskurð þvert yfir reitinn, við nánari athugun kom í ljós að háspennustrengur lá þvert yfir reitinn og var þá hætt við framkvæmdirnar á byggingarreitnum og skurðurinn því ekki tekinn.

**Númer: 3152-001**

**Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.: SF-082:078\_01**

**Sérheiti:** Vestur-Hjáleiga

**Hlutverk:** Bústaður

**Tegund:** Bæjarstæði

**Staðsetning:** A: 618204, N: 380233

**Ástand:** Vel greinanlegar




Mynd 2. Horft NV yfir staðsetningu útihúss 3249-001

**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hættu**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Friðlýst:** Nei**Minjalýsing:**

„Vestur-hjáleiga á Hnappavöllum er merkt inn á túnakort frá því um 1920. Danskir arkitektanemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarþyrpinguna í Vestur-hjáleigu og nokkur útihús. Vestur-hjáleiga er um 20 m NNV við Gíslahús/Flatatún (b. 1961). Enn standa þar tvö bæjarhús (01 og 02) (b. 1926), en þar á einnig greina upphækkun. Hluti bæjarins var rifinn á áttunda áratugnum, samkvæmt Gísla Sigurjóni Jónssyni, heimildamanni. Árið 2011 voru burstir austanmegin við bæinn rifnar að fengnu leyfi Minjastofnunar Íslands. Þær burstir sem eftir stóðu voru síðan rifnar árið 2022. Að sögn Gísla Sigurjóns Jónssonar, heimildamanns, var húsið byggt um 1922-1926 og var timbrið í húsinu fengið úr franskri skútu sem strandaði í Hnappavallafjöru á svipuðum tíma. Ekki er lengur búskapur á jörðinni. Samkvæmt túnakortinu var Vestur-hjáleiga á Hnappavöllum II samsettur úr níu burstum. Í Jarðabók Johnsen segir neðanmáls: „Sýslumaður sem telur 5 eigendur á öllum Hnappavöllum nefndir eigi hjáleiguna, en þar á móti prestur, en hvorugur þeirra nefndir Hnappavallahjáleigu, sem jarðabækur líka minnst á.“ Ekki er ljóst hvort þetta á við Vestur- eða Austurhjáleigu (sjá 098) en líklega er það þó Vestur-hjáleigan sem líkast var eldri. Það sama gildir um upplýsingar úr Jarðabók Ísleifs Einarssonar sem birt er sem fylgiskjal í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII. Þar segir: „Hnappavallahjáleiga. Byggð úr heimalandi. Dýrleiki er óviss.“

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: „Á jörðinni hafa alltaf verið 4-6 bændur frá því um 1800. Raflýst var á V árið 1926, en á hinum bæjunum 1929. Fram yfir miðja 19. öld var einbýli í Hnappavallahjáleigu, en 1852 byggði Stefán Pálsson íbúðarhús austast í gamla Hjáleiguborpinu [110]. Nálægt 1890 flutti svo Gísli Þorsteinsson þann bæ austar [098] og byggði nokkru neðar en núverandi Austurhjáleigubær er.“



Mynd 3. Yfirlitsmynd af Vestur-hjáleigu sem danskir arkitektanemar teiknuðu. Heimild: Öræfin (I-II).

Umhverfis gamla bæinn eru sléttuð tún. Svæðið er í aflíðandi halla til suðurs. Rétt vestan við bæinn er malarvegur sem liggur norðurs að öðru íbúðarhúsi á Hnappavöllum (b. 1990, lóð 1). Fast suðvestan við bæinn er lítill trjáreitir.



Mynd 4. Myndir fengin beint úr skýrslu fornleifastofnunar Íslands. Þar segir við myndirnar "Vinstri ljósmyndin sýnir minjar á Vestur-hjáleigu árið 2023, horft til NNW. Hægri ljósmyndin sýnir göngin sem lágu til fjóssins. Samkvæmt Gísla Sigurjóni Jónssyni, heimildamanni, er hrunið sem sjá má á myndinni mjög nýlegt, horft til austurs" (Gylfi Helgasson. 2023. Bls. 17).

Eins og fyrr segir er búið að rífa niður stóran hluta af bænum en eftir stendur eitt af bæjarhúsunum, A - baðstofan (merkt eldhús og stofa inn á teikningu dönsku arkitektanema) og hesthús (sjá 02). Baðstofan (hús A) er 20 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir þess standa vel og eru hlaðnir úr grjóti neðst en torfi þar ofan á og enn má sjá leifar bárujárns þar sem sennilega eru

af þaki hússins. Allt að 9 umför af grjóti sjást í vegg hleðslum sem eru hæstar til norðurs, 2,5 m. Grjótið er stæðilegt en inn á milli er lítið og flatt grjót. Leifar steypits stromps sjást enn, við norðurhlið baðstofunnar. Efsti hluti hans er hruninn en að öðru leyti er hann heillegur. Fast austan við strompinn má greina göng, sem búið er að loka, en þau voru inn í fjósið. Engin ummerki sjást lengur um suðurhlið á baðstofunni. Suðurhliðin var þiljuð og er búið að taka niður allt timbur og varðveita að sögn Gísla, heimildamanns. Nokkrir steinar neðst í norðurvegg eru teknir að molna og er austurhliðin að hruni komin. Nokkrir gripir eru sjáanlegar, svo sem naglar, einkum í vesturhluta baðstofunnar. Baðstofan er lítillega grafin inn í brekku til norðurs. Samkvæmt uppdrætti dönsku arkitekta nema var bæjarröðin eftirfarandi (talið frá vestri): Smiðja (sjá 03), „hjallos“, skemma baðstofa A (skipt í stofu og eldhús), fjós B, hlaða C, geymsla D, skemma E og síðan stakstætt hesthús (sjá 02). Að baki var hæsnakofi F og súrheysturn G (F og G sennilega ekki nógu gamalt til þess að teljast til fornleifa). Samkvæmt teikningunni var hólfið sem merkt er „hjallos“ (Hjallhús?) að húsabaki vestast. Hólfið var 5,5 X 2 m að stærð og var opið fram að hlaði. Bæjarhúsin samanstóðu af tveimur burstum. Í bænum hefur verið hæð og ris. Í eystri burstinni var baðstofa og eldhús (sjá lýsingu hér ofan). Á uppdrættinum var hún 9 x 5-6 m stór og rúmir 5 m á hæð. Timburpil sneri fram og á því voru dyr og gluggi á jarðhæð og annar gluggi í risi. Strompur var einnig á þessari burst. Í vestri burstinni var önnur baðstofa og stofa. Hún var 6,5 x 6 m stór. Á henni voru skemmudyr og tveir gluggar á jarðhæð en annar gluggi í risi. Fjósið var 10,5 x 5-5,5 m stórt, í sama húsi og hlaðan. Timburpil var á fjósinu og það mest um 3,5 m að hæð. Dyr voru til hliðar á þilinu en gluggi fyrir miðju. Hlaðan var um 9 x 5 m stór með timburpili fram á hlað. Dyr voru á miðju þilinu og gluggi þar fyrir ofan. Hlaðan var rúmir 4 m á hæð. Eystri skemman um 8-8,5 x 5,5-6 m að utanmáli en í raun sambyggð geymslunni. Skemman var með timburpili og þá mest tæpir 3 m á hæð. Við hlið skemmu var geymslan, um 8 x 4 m að stærð og um

3 m á hæð. Samkvæmt uppmælingunni hefur bæjarsamstæðan um 1974 verið um 45 m löng en um 12 m á breidd. Stafnar bæjarins hafa snúið til SSA. Enn má sjá upphækkun á svæðinu (0,5-1 m) svo töluverð mannvist er líklega undir sverði.<sup>13</sup>

**Númer: 3152-002**

**Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.: SF-082:078\_02**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 618238, N: 380250

**Lengd:** 8 m



**Breidd:** 6 m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Lítil hætta

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Friðlýst:** Nei

**Minjalýsing:**

*Mynd 5. „Vestur-hjáleiga árið 1954. Samkvæmt Gísla, heimildamanni, var bærinn yfirgefinn árið 1963 þegar nýtt íbúðarhús var byggt á öðrum stað“ (Gylfi Helgasson. 2023.bls. 17. Ljósmynd: Magnús Björnsson. (1976). Bls. 61.*

<sup>13</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 16-18.



Mynd 6. Mynd fengin úr skýrslu fornleifastofnunnar Íslands. „Yfirlitskort af hesthúsi 078\_02 og kálgarði 092. Þegar loftmyndin var tekin um 2022 var enn þak á hesthúsinu. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.“ (Gylfi Helgasson. 2023. Bls. 18).



Mynd 7. Mynd fengin úr skýrslu fornleifastofnunnar Íslands. „Ljósmynd af hesthúsi 02, horft til NNV.“ (Gylfi Helgasson. 2023. Bls. 18).

„Hesthús er stakstætt og um 5 m austan við bæ 01 samkvæmt túnakorti frá því um 1920. Hesthúsið var einnig merkt mælt upp og teiknað inn á uppdrátt dönsku arkitektanema frá 1974. Hesthústóftin er einföld, 8 x 6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir tóftarinnar standa í allt að 2,5 m á hæð. Austur og vesturhlið hússins er torf- og grjóthlaðið en norðurveggurinn er steypdur. Sjá má allt að 7 umför af grjóti í hleðslum, fremur stórt en fyllt inn á milli með litlum og á köflum flötum, steinum. Timburþil var fyrir suðurhlið tóftarinnar og sjást engin ummerki um það lengur. Grjóthlaðin jata er meðfram austurhlið tóftarinnar og í henni miðri er lítið járnör, sennilega fyrir vatn.”<sup>14</sup>

<sup>14</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 18.

**Númer: 3152-003**

**Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.: SF-082:078\_03**

**Hlutverk:** Smiðja

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 618205, N: 380226

**Lengd:** 6,5 m

**Breidd:** 6,5 m

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já

**Hættumat:** Lítil hættu

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Friðlýst:** Nei

**Minjalýsing:**

„Smiðja var um 5 m sunnan við bæ 01. Hún er merkt inn á túnakorti frá því um 1920 og var teiknuð upp af dönskum arkitektanemum sem komu til Hnappavalla sumarið 1974. Hún hefur verið rífið og engin ummerki um hana sjást lengur á yfirborði. Samkvæmt uppmælingunum dönsku nemanna var smiðjan með timburpili en að öðru leyti úr torfi og grjóti. Samkvæmt uppmælingunni var húsið 6,5 x 6,5 m að utanmáli. Stafn þess sneri í sömu átt og bæjarhúsin, þó örlítið skáhallt á þau. Smiðjan hefur verið tæpir 3 m á hæð. Á timburpilinu voru dyr í miðju og gluggi þar ofan við. Fyrir framan húsið var stór steinn, mögulega smiðjusteinn.“<sup>15</sup>

**Númer: 3152-004**

**Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.: SF-082:079**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Dæld

**Staðsetning:** A: 618197, N: 380244

**Lengd:** 8 m

**Breidd:** 7 m

**Ástand:** Greinanleg


**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Lítil hættu

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

---

<sup>15</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 18-19.

**Friðlýst: Nei****Minjalýsing:**

Mynd 8. Mynd fengin úr skýrslu fornleifastofnunnar Íslands. Þar segir „Á korti til hægri má sjá umfang dældar þar sem fjárhús 079 voru, einnig sést aðeins í uppmældar minjar á bæjarstæði 078\_01. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. Mynd til hægri sýnir dældina, horft til suðurs.“ (Gylfi Helgasson. 2023. Bls. 19).

„Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Vestur-hjáleigu fast aftan við bæinn 078 og 20 m NNA við leið 094. Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið tvískipt. Danskir arkitektanemar sem komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu upp bæjarþyrpinguna í Vestur-hjáleigu og nokkur útihús, teiknuðu tvískipt hús á sama stað. Húsið er horfið en á sama stað sést nú (2023) dæld.


Í sléttuðu túni í aflíðandi halla til suðurs. Til austurs er malarvegur sem liggur að Hnappavöllum lóð 1 (eibýlishús, b. 1990).

Á þessum stað sést óljós dæld, 8 x 7 m a stærð sem snýr ANA-VNV. Hún er 0,3 m djúp og með gróna og aflíðandi bakka. Þetta eru sennilega ummerki um fjárhúsin og hlöðu sem stóðu þarna. Samkvæmt uppmælingunum dönsku arkitektana voru húsin með timburþili og grind en að öðru leyti úr torfi og grjóti. Þau hafa verið um 15 x 13 m að stærð og snúið ANA-VNV. Nær bænum var hlaðan en norðar og samfast voru fjárhúsin, en lítið port eða inngangur var á milli með dyrum. Hlaðan (hólf A) var nálega 9 x 4,5 m að innanmáli og sneri eins og húsið. Gafl hennar var að hluta niðurgrafinn en gluggi í risi. Sjálf fjárhúsin (hólf B) voru gróflega áætlað 8-9 x 3 m að innanmáli og sneru eins og fjárhúsin. Timburgafl var á þeim og á honum voru dyr og gluggi.”<sup>16</sup>

<sup>16</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 19.

**Númer: 3152-005****Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.: SF-082:080****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Dæld**Staðsetning:** A: 618265, N: 380275**Lengd:** 16 m**Breidd:** 5 m**Ástand:** Greinanlegt**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Friðlýst:** Nei**Minjalýsing:**

„Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 um 70 m ANA við Vestur-hjáleigu 078\_01 og 25 m norðaustan við kálgarð 092. Þar sést gróin dæld, sem líklega er ummerki um útihúsið. Dældin er 11 utan við úttektarsvæði 2023 en helgunarsvæði hennar (15 m) nær inn á það og var hún því skráð.



Mynd 9. Mynd fengin úr skýrslu Fornleifastofnunar Íslands. Þar segir „Á korti til vinstri má sjá uppmældu dæld 080 og ljósmynd til hægri er af sama stað, horft til vesturs. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.“ (Gylfi Helgasson. 2023. Bls. 20).

Dældin er nú (2023) á óræktuðum bletti milli lóða á Hnappavöllum. Fast norðaustan við tóftina er bjarg sem hrúnið hefur úr fjallshlíðinni. Fleiri dældir eru norðan við svæðið, en eru sennilega leifar af því þegar björg runnu niður hlíðina.

Dældin er 16 x 5 m að stærð og snýr hér um bil austur-vestur. Hún er mjög gróin og aðeins 0,3 m djúp. Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið

samstæðuhús með fjórum hólfum/húsum en vegna gróðurs er erfitt að greina einhverja hólfastiptinu eða op.”<sup>17</sup>

**Númer: 3152-006**

**Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.: SF-082:081**

**Hlutverk:** Kálgarður

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 618224, N: 380224

**Ástand:** Sést ekki til fornleifa

**Horfin:** Já

**Hættumat:** Lítil hættu

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Friðlýst:** Nei

**Minjalýsing:**

„Kálgarður er merktur inn á túnakort frá því um 1920, um 15 m suðaustan við Vestur-hjáleigu 078\_01 og 5 m suðvestan við kálgarð 091.

Slétt malarplan er á þessum slóðum, fast vestan við bíslagið við Gíslahús/Flatatún (b. 1961).

Engin ummerki um kálgarð sjást lengur. Gísli Sigurjón Jónsson, heimildamaður, mundi ekki eftir kálgarði á þessum slóðum og sennilega var hann sléttaður út á fyrri hluta 20. aldar.”<sup>18</sup>

**Númer: 3152-007**

**Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.: SF-082:091**

**Hlutverk:** Kálgarður

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 618240, N: 380234

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já

**Hættumat:** Lítil hættu

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Friðlýst:** Nei

<sup>17</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 19-20.

<sup>18</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 20.

**Minjalýsing:**

„Kálgarður er merktur inn á túnakort frá því um 1920 um 20 m suðvestan við Vestur-hjáleigu 078\_01 og 10 m VSV við kálgarð 092.

Slétt og grasivaxin flöt sem er á þessum slóðum, mitt á milli malarplans og einbýlishússins Gíslahúss/Flatatúns (b. 1961).

Engin ummerki um kálgarð sjást lengur. Gísli Sigurjón Jónsson, heimildamaður, mundi ekki eftir kálgarði á þessum slóðum og sennilega var hann sléttaður út á fyrri hluta 20. aldar.”<sup>19</sup>

**Númer: 3152-008**

**Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.: SF-082:092**

**Hlutverk:** Kálgarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A: 618261, N: 380248

**Lengd:** 7 m

**Breidd:** 4 m

**Ástand:** Veg greinilegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Lítil hættu

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Friðlýst:** Nei

**Minjalýsing:**

„Kálgarður er merktur inn á túnakort frá því um 1920 um 40 m ASA við Vestur-hjáleigu 078\_01 og 25 m suðvestan við útihús 080. Stór hluti kálgarðsins er um 2 m utan við úttektarsvæði en helgunarsvæði hans (15 m) er innan skipulagsreits og því var hann skráður.

Vírgirðing liggur þvert í gegnum kálgarðinn. Vestan við girðinguna er slétt svæði en óræktað til austurs. Svæðið er í aflíðandi halla til suðurs.

Sá hluti kálgarðsins sem enn er greinilegur er L-laga hleðsla og sjást því aðeins norður- og austurhluti hans og hafa aðrar hliðar líklega verið sléttaðar út. Garðlagið liggur 7 m austur-vestur og 4 m NNA-SSV en kálgarðurinn hefur líklega náð lengra í

<sup>19</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 20.

báðar áttir (til vesturs og suðurs). Hleðslur eru úr torfi- og grjóti og eru 0,4 m á hæð. Ekki sér í umför vegna gróðurs. Í norðausturhorni kálgarðsins er tvö stór og gróin björg sem voru notuð í hleðslunni.”<sup>20</sup>



Mynd 10. Mynd fengin úr skýrslu Fornleifastofnunar Íslands. Þar segir „Á korti til vinstri má sjá uppmældar leifar af hesthúsi 078\_02 og kálgarði 092. Ljósmynd til hægri er af sama stað, horft til suðurs. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.“ (Gylfi Helgasson. 2023. Bls. 21).

**Númer: 3152-009**

**Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.: SF-082:093**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 618206, N: 380220

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já

**Hættumat:** Lítil hættu

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Nei

**Minjalýsing:**

„Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt heimreið að Vestur-hjáleigu. Danskir arkítektanemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarþyrpinguna og nokkur útihús á Hnappavöllum. Á teikningu þeirra sést glitta í heimreiðina/bæjarhlaðið á einum stað, fyrir framan smiðju 078\_03. Samkvæmt uppmælingunni var tröðin fyrir framan bæ grjóthlaðin stétt.

<sup>20</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 20-21.

Þar sem leiðin lá er nú malarvegur að Gíslahúsi/Flatartúni (b. 1961) og malarstæði þar fyrir framan (norðan). Svæðið er í aflíðandi halla til suðurs og til annarra átta eru sléttuð tún. Rétt sunnan við vestasta hluta leiðinnar er rotþró.

Engin ummerki sjást lengur um leið á þessum slóðum og hefur hún sennilega horfið þegar ný heimreið var gerð að Gíslahúsi/Flatatúni.”<sup>21</sup>

**Númer: 3152-010**

**Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.: SF-082:094**

**Hlutverk: Leið**

**Tegund: Heimild**

**Staðsetning: A: 618178, N: 380226**

**Ástand: Ekki sést til fornleifa**

**Horfin: Já**

**Hættumat: Lítil hættu**

**Hættuorsök: Framkvæmdir**

**Friðlýst: Nei**

**Minjalýsing:**

„Inn á túnakort Vestur-hjáleigu frá því um 1920 eru merkt leið sem legið hefur frá heimreið 093 og að Miðbænum (sjá 001). Leiðin er rétt utan svæðis en helgunarsvæði hennar (15 m) nær inn á það. Af þeim sökum er hún skráð.

Þar sem leiðin lá er nú (2023) malarvegur að íbúðarhúsi við Hnappavelli (lóð 1 - b. 1990).

Engin ummerk um leið sjást lengur á þessum slóðum og hefur hún sennilega horfið þegar malarvegurinn var lagður.”<sup>22</sup>

**Númer: 3152-011**

**Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.: SF-082:095**

**Hlutverk: Leið**

**Tegund: Heimild**

**Staðsetning: A: 618170, N: 380248**

**Ástand: Ekki sést til fornleifa**

<sup>21</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 21.

<sup>22</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 21.

**Horfin:** Já

**Hættumat:** Lítil hættu

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Friðlýst:** Nei

**Minjalýsing:**

„Inn á túnakort Vestur-hjáleigu frá því um 1920 eru merkt leið sem legið hefur frá heimreið 093 og líklega beint til norður, (óvíst er hvert þessi leið lá). Leiðin er rétt utan svæðis en helgunarsvæði hennar (15 m) nær inn á það. Af þeim sökum er hún skráð.

Þar sem leiðin lá er nú (2023) malarvegur að íbúðarhúsi við Hnappavelli (lód 1 - b. 1990).

Engin ummerki um leið sjást lengur á þessum slóðum og hefur hún sennilega horfið þegar malarvegurinn var lagður.”<sup>23</sup>

**Númer: 3152-012**

**Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.:** SF-082:113

**Hlutverk:** Kálgarður

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 618243, N: 380257

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já

**Hættumat:** Lítil hættu

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Friðlýst:** Nei

**Minjalýsing:**


„Kálgarður er merktur um 5 m ANA við Vestur-hjáleigu 078\_01. Danskir arkitektanemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarþyrpinguna í Vestarihjáleigu, nokkur útihús og aðrar leifar. Fast við bæinn, að því er virðist á svipuðum stað og mannvirki er merkt inn á túnakort frá 1920, mæla þeir upp hesthús (sjá 078\_02). Mögulegt er að kassinn sem er sýndur á túnakortinu hafi átt að tákna útihús en ekki kálgarð en ekki er heldur útilokað að hesthúsið hafi

<sup>23</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 21.

verið reist ofan á hluta rústa kálgarðsins. Án frekari heimilda, eru staðirnir skráðir sér og fylgir hér neðar lýsing af kálgarðinum.

Slétt svæði í aflíðandi halla til suðurs. Fast austan við svæðið er vírgirðing og til suðurs og suðvesturs er malarplan sem notað er sem bílastæði.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást lengur á yfirborði. Mögulegt er að hann hafi horfið vegna sléttunar en eins og fyrr segir er ekki útilokað að hesthús 078\_02 sé reist á rústum kálgarðsins.<sup>24</sup>



Mynd 11. Mynd fengin úr skýrslu Fornleifastofnunar Íslands. Þar segir „Á korti til vinstri má sjá staðsetningu kants, leifar af kálgarði 216. Efst má sjá glitta í uppældar minjar á bæjarstæði 078\_01. Ljósmynd til hægri er af sama stað, horft til NNA. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.“ (Gylfi Helgasson. 2023. Bls. 22).

**Númer: 3152-013**

**Númer Fornleifastofnunar Íslands ses.: SF-082:216**

**Hlutverk:** Kálgarður

**Tegund:** Kantur

**Staðsetning:** A: 618191, N: 380229

**Lengd:** 6 m

**Hæð:** 0.5 m

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Lítil hættu

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Friðlýst:** Nei

**Minjalýsing:**

<sup>24</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 22.

“Kálgarður er merktur inn á túnakort frá því um 1920 um 5 m suðvestan við Vesturhjáleigu 078\_01 og 15 m austan við leið 094 . Kálgarðurinn er einnig merktur inn á teikningu danskra arkitektanema frá 1974. Afar lítil ummerki sjást nú (2023) um kálgarðinn en á þessum slóðum má þó sjá gróinn kant þar sem kálgarðsveggurinn hefur verið.

Kanturinn er á fremur sléttri flöt. Fast norðvestan við 2-3 tré.

Búið er að slétta svæðið út og það eina sem sést af kálgarðinum er 6 m langur kantur sem snýr norður-suður og hefur líklega myndað vesturhlið. Kanturinn er 0,2 m á hæð. Hann er mjög gróinn en þó sést glitta í steinaröð á stöku stöðum.”<sup>25</sup>

---

<sup>25</sup> Gylfi Helgason. 2023. Bls. 22.

#### 4. NIÐURSTÖÐUR

Einungis bættust einar minjar við fyrirbyggjandi skráningu á vettvangi og var það rutt svæði þar sem áður stóð útihús skv. túnakorti frá 1920. Hætt var við framkvæmdir á þeim stað sem útihúsið hefur staðið eftir að í ljós kom að háspennustrengur liggur þvert yfir byggingarreitin og hann því ekki nothæfur.

Vert að benda á að ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við **framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands** sem mun þá meta fundinn og taka ákvörðun með framhaldið.

## 5. HEIMILDASKRÁ

- Diplomatarium Islandicum II.* Íslenzkt fornbréfasafn. 1857. Annað bindi. 1253-1350. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.
- Diplomatarium Islandicum IX.* Íslenzkt fornbréfasafn. 1909-1913. Níunda bindi. 1262-1536. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.
- Diplomatarium Islandicum XI.* Íslenzkt fornbréfasafn. 1915-1925. Ellefta bindi. 1310-1550. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.
- Diplomatarium Islandicum XV.* Íslenzkt fornbréfasafn. 1947-1950. Fimmtánda bindi. 1567-1570 (og síðar). Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.
- Gylfi Helgason. 2023. *Deiliskráning fornleifa á Hnappavöllum í Öræfum: Vegna fyrirhugaðrar starfsmannaaðstöðu í Vestur-hjáleigu.* Fornleifastofnun Íslands. FS952-23371.
- Íslensk fornrit.* 1935–2002. I–XVII. bindi. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XIII: Fylgiskjöl.* 1990. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag.
- J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Atli Rúnarsson. 2024. *Könnunarskurðir í landi Hnappavalla í Öræfum.* Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík. NV nr 12-24
- Magnús Björnsson. 1976. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu III.* Reykjavík, Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.
- Öræfi (I-II). 1974-1978. *Opmåling og registrering i det sydøstlige Island.* Aarhus: Arkitektskolen i Aarhus.

### Óútgefnar heimildir


Bréf Minjastofnunar Íslands: MÍ202309-0135/ 6.09 / Þ.E.H.

### Örnefnastofnun, Þjóðminjasafn Íslands

### Túnakort

Túnakort Hnappavellir II, Vestur-Hjáleiga. Þjóðskjalasafn Íslands.

## 6. KORT



### Skýringar

- Staðsetning fornminja
- Mælingar - línur
- Mælingar - flákar
- Afmörkun skipulagssvæðis og byggingarreitir

Kort yfir skráðar fornminjar á framkvæmdasvæðinu á Hnappavöllum.  
Skali 1:900

Náttúrustofa Vestfjarða. 7.5.2024 Atli Rúnarsson

## 7. PUNKTASKRÁ

| Auðkenni | FSÍ nr.       | Sérheiti        | Tegund     | Hlutverk  | Eastings | Northings |
|----------|---------------|-----------------|------------|-----------|----------|-----------|
| 3249-001 |               |                 | Heimild    | Útihús    | 618213   | 380159    |
| 3152-001 | SF-082:078_01 | Vestur-Hjáleiga | Bæjarstæði | Bústaður  | 618204   | 380233    |
| 3152-002 | SF-082:078_02 |                 | Tóft       | Heshús    | 618238   | 380250    |
| 3152-003 | SF-082:078_03 |                 | Heimild    | Smiðja    | 618205   | 380226    |
| 3152-004 | SF-082:079    |                 | Dæld       | Fjárhús   | 618197   | 380244    |
| 3152-005 | SF-082:080    |                 | Dæld       | Útihús    | 618265   | 380275    |
| 3152-006 | SF-082:081    |                 | Heimild    | Kálgarður | 618224   | 380224    |
| 3152-007 | SF-082:091    |                 | Heimild    | Kálgarður | 618240   | 380234    |
| 3152-008 | SF-082:092    |                 | Garðlag    | Kálgarður | 618261   | 380248    |
| 3152-009 | SF-082:093    |                 | Heimild    | Leið      | 618206   | 380220    |
| 3152-010 | SF-082:094    |                 | Heimild    | Leið      | 618178   | 380226    |
| 3152-011 | SF-082:095    |                 | Heimild    | Leið      | 618170   | 380248    |
| 3152-012 | SF-082:113    |                 | Heimild    | Kálgarður | 618243   | 380257    |
| 3152-013 | SF-082:216    |                 | Kantur     | Kálgarður | 618191   | 380229    |